

Nd.

251. Frumvarp til laga

[126. mál]

um lántöku vegna Landsspítalans.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán til að fullgera sem fyrst þær viðbyggingar Landsspítalans, sem nú er verið að koma upp.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mjög tilfinnanlegur skortur er á spítalarúmi í Reykjavík, enda eru spítalarnir þar reknir meira og minna fyrir landið allt.

Við Landsspítalann eru nú í smíðum allmiklar viðbyggingar í þremur álmum. Þegar þær verða komnar upp, munu bætast við um 225 sjúkrarúm í 9 sjúkradeildum. Þetta mundi bæta talsvert úr brýnustu þörfum. Til þess að ljúka þessum viðbyggingum mun þurfa 35—40 millj. kr., en ekki er gert ráð fyrir að veita til þessara bygginga nema um 9 millj. kr. á næsta ári. Miðað við svipaða fjárveitingu mun taka 4—5 ár að fullgera þessar byggingar.

Slík bið er vissulega allt of löng. Því er lagt til, að ríkið taki lán, sem nægi til þess að fullgera þessar byggingar sem fyrst, og ætti að vera hægt að gera það fyrir árslok 1962, ef ekki stæði á fjármagni. Hér gæti verið um að ræða stutt lán, sem væri endurgreitt á næstu 4—5 árum, og ætti því að vera mun auðveldara að afla þess en ella.